



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

07.01-2003

1.04-4

Efni: Varðar frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 240. mál, heildarlög

Almannavarnir ríkisins hafa að beiðni umhverfisnefndar Alþingis farið yfir frumvarpið og telja það almennt til mikilla bóta. Þó leyfir stofnunin sér að gera eftirfarandi athugasemdir.

14. gr.
málgrein 4, neðst á blaðsíðu 7.

Núverandi orðalag:

Sé talið eða leiki vafi á því að mönnum geti stafað hættu af menguninni ber að tilkynna það landlækni tafarlaust.

Breytingartillaga:

Sé talið eða leiki vafi á því að mönnum geti stafað heilsufarsleg hættu af menguninni ber að tilkynna það landlækni eða næstu heilbrigðisstofnun tafarlaust.

Rök fyrir breytingum:

Margvísleg hættu getur skapast sem afleiðing af mengunaróhappi og má þar sem dæmi nefna sprengingar og/eða eldsvoða. Því teljum við eðlilegt að afmarka skyldur og ábyrgð landlæknis / heilbrigðisstofnunar við hættu af heilsufarslegum toga. Á hinn bóginn, ef um bráðhættu væri að ræða bæri að tilkynna slíkt til næstu sjúkrastofnun.

14. gr.
málgrein 5, efst á blaðsíðu 8.

Núverandi orðalag:

Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi almannavarnanefnd.

Breytingartillaga:

Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra / almannavarnanefnd.

frh/2

Rök fyrir breytingum:

Samkvæmt gildandi lögum um almannavarnir fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi og því eðlilegt að þeir séu tilgreindir ásamt almannavarnanefnd.

Til athugunar.

Athygli er vakin á því að fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á lögum um almannavarnir, sem gerir ráð fyrir að starfsemi Almannavarna ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd og starfsemin flutt undir embætti Ríkislögreglustjóra. Ef það frumvarp verður samþykkt á undan frumvarpi þessu verður að breyta 5. gr. um Ráðgjafaaðila á þann veg að þar sem nú stendur Almannavarnir ríkisins komi Ríkislögreglustjóri.

Virðingarfyllst,



Sólveig Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri